

Fundur foreldrafélag Tjarnarskógar 2.maí 2017

Mættar: Katla, Birna, Bylgja, Inga Rós, Líska, Marta, Sigga Dís og Sigga Fanney

- Rútur: Þarf að panta rútur fyrir ferðalög leikskólans í maí. Fjöruferð 16.maí, útskriftarferð 24.maí og sveitaferð líklega 25.maí. Inga Rós fer í málið, sendir á Tanna og fær tilboð. Gert ráð fyrir 2 punkta belti, börnin þurfa ekki að mæta með stól. Í boði fyrir foreldra að keyra sjálfir börnunum sínum ef þeir vilja ekki að þau fari í rútu.
- Sólarvörn: Rætt um að foreldrafélagið kaupi sólarvörn fyrir leikskólann svo hvert barn þurfi ekki að koma með. Marta fer í að athuga hvað er í boði og kaupir svo fyrir hverja deild í framhaldinu. Þeir foreldrar sem vilja sérstaka vörn á barnið geta komið með hana fyrir sitt barn.
- Gjafir: Foreldrafélagið ætlar að gefa leikskólanum bækur sem þau höfðu óskað eftir. Einnig rætt um að það vanti lego kalla og kennsluefni tengt Lubba. Útskriftarárgangurinn er í gjafahugleiðingum fyrir leikskólann þannig að þessum hugmyndum komið áfram þangað.
- Danskennsla: Dansvikan í lok maí með danskennaranum Alyonu tókst mjög vel. Hún náði vel til krakkanna, þau lærðu heilmikið á stuttum tíma og sýningarnar voru mjög flottar. Mikil ánægja með þetta. Kannski hægt að skiptast á að hafa Alyonu og Loga. Gott að hafa danskennara á staðnum þannig að um að gera að nýta það.
- Kveðjugjafir: Hjördís og Maríanna eru að hætta á leikskólanum í sumar. Stefnt á að græja gjafir handa þeim í júní. Rætt um hvað skal kaupa; dekur á snyrtistofu, mynd eða annað tengt staðnum þar sem þær eru að flytja í burtu.
- Vorhátíð: Eins og í fyrra þá skipuleggur starfsfólk leikskólans vorhátíðina og foreldrafélagið borgar. Ákveðið að hafa þetta með svipuðu sniði og í fyrra því það tókst mjög vel. Sigga Dís ætlar að panta hoppukastala. Sigga Dís var búin að tala við kokkana á Hótel Héraði um að halda utan um grillið (þeir gerðu það í fyrra og eru foreldrar), spurning samt hvort við fáum aftur svona styrk, annars foreldrar virkjaðir eins og hefur verið, foreldrar næstelsta árgangsins skipta því þá með sér. Eða athuga hvort einhverjir vilji hjálpa til án þess að skipa fólki á vaktir?
- Skoppa og Skríttla: Foreldrafélagið í Fjarðabyggð hafði samband og spurði hvort við vildum vera með í að fá þær austur, við vorum til í að borga í því. Þær byrja á Egilsstöðum mánudaginn 12.júní kl.8:30. Frekar snemmt kannski en þær á leikskólanum segja að það verði í lagi, öllum börnunum verði boðið að mæta 8:30 niðrá Skógarland þar sem sýningin verður. Þessi tímasetning er eitthvað sem gekk upp hjá Skoppu og Skríttlu og við gátum ekkert valið um það, auðvitað einhver börn farin í sumarfrí á þessum tíma.
- Aðalfundur: Verður haldinn 18.maí kl.20:30. Venjulega aðalfundarstörf, farið yfir árið og kosningar. Sigga Fanney sem hefur verið varamaður kemur inn í foreldrafélagið en Katla og Líska munu hætta. Því þarf allavega einn í viðbót inn, nema fleiri bjóði sig fram þá eru aðrir stjórnarmeðlimir til í að stíga til hliðar. Snjólaug löggja kemur á aðalfundinn og verður með fræðslu um umferðaröryggi, nýbúin að tala við elsta árganginn í leikskólanum og fínt að fá hana til að tala við foreldra líka. Sumir foreldrar hafa haft áhyggjur af rútuferðum leikskólans en Sigga Dís fór vel yfir þetta með lögreglunni í fyrra og mótaði stefnu eftir því. Lögreglan getur þá svarað spurningum um það ef upp koma.

Fundi slitið

Líska Leifsdóttir